

Dalakálfur

(Minni-Dalir, Dalir, Grund)

Á Austfjörðum er orðið kálfur notað um afmarkað byggðarhverfi, bæði úti við sjó og inn af fjarðarbotni (í Eskifirði).

Hér verður farið eftir örnefnaskrá Vilhjálms Helgasonar á Grund frá 23. apríl 1955, en aukið þar við fáeinum örnefnum eftir tilsögn barna hans, Helgu og Þorvarðar. Í fáeinum tilvikum verður reynt að skýra afstöðu örnefnanna lítið eitt nánar en hann hefur gert og sagt frá uppruna þeirra, þar sem það er hægt. Rakið verður að innan eða vestan út eftir, en hér sveigir ströndin meir og meir til norðurs. Getið verður landamerka milli gömlu býlanna í Dalakálki eða Kálkinum, eins og gjarnan er til orða tekið. Verður staðnæmzt við **Dalaá** (1), sem deilir löndum með Minni-Dölum og Dölum, sem var í fyrstu aðaljörðin eða höfuðbólið, en svæðinu annars skipt eftir auðkennum í landslagi.

Vert er að geta þess, að Dalir hafa allengi verið nefndir Stóru-Dalir öðrum þræði, víst til aðgreiningar frá Minni-Dölum. En upphaflega nafnið, sem verður notað hér, er Dalir. Sést það meðal annars á mörgum örnefnum, sem af því eru dregin, svo sem síðar greinir. Virðist eðlilegra að halda gamla nafninu, enda yrði umhent að fylgja breytingunni eftir og segja Stóru-Dalatangi og Stóru-Dalakálfur og þar fram eftir götum.

Landamerki Steinsness og Minni-Dala eru um **Hallbjarnarjaðar** (2), áður stundum nefndur **Hallbjarnarmell** (3), innst í **Dalaskriðum** (4), sem í daglegu tali kallast **Skriður** (5). Þær eru í suðausturhlíðum **Akurfells** (6) og ná frá klettum að flæðarmáli. Þær eru nokkuð stórgryttar og tiltölulega gróðurrikar, að undanskildum nokkrum gilbökkum.

Mikil snjóflóðahætta er víða í Skriðunum. Þar falla aurhlaup í stórrigningum. Og stöku sinnum losna björg úr Akurfellinu, velta niður snarbratta hlíðina og brotna þá stundum í þúsund mola, eins og þar stendur. Getur það gerzt í þurru og góðu veðri. Ekki hafa hlotizt slys af öllum þessum viðsjárverðu hræringum svo sögur fari af, en gæta þarf varúðar á þessum slóðum.

Utan við Hallbjarnarjaðar er **Fremstagil** (7) eða **Innstagil** (8). Upp frá sjónum eru gilin raunar tvö, og heitir **Innstagilsbás** (9) fyrir neðan þau. Út með sjónum heita síðan **Kaplavellir** (10), en niður undan þeim steinsnar frá landi er sker, sem nefnist **Fiskiklöpp** (11).

Auðveldast er að fylgja sýsluveginum, og kemur nú alllangt stykki, ekki mjög bratt neðan vegar, örnefnalaust, þar til kemur að **Innra-** (12) og **Ytra-Krókagili** (13) með **Krókagilsjaðar** (14) á milli giljanna. Upp af Innra-Krókagili, uppi í Akurfellstindinum, heitir **Hvolf** (15); þaðan koma háskaleg snjóflóð, þegar mikinn snjó leggur framan í Hvolfið.

Nú er komið að **Akurgili** (16), langstærsta gilinu í Dalaskriðum. Þar eins og víðar var hestagatan talsvert neðar en vegurinn er nú og sést varla lengur. Við sjóinn heitir **Akurgilsfjara** (17), og geta þar myndast hættur fyrir kindur, þegar brim hefur dregið mölina úr **Akurgilsbás** (18), sem **Akurgilslækur** (19) fellur í.

Utan við Akurgilið neðan vegar er dálítill gróinn slakki, þó brattur og fullur með staksteinum, og heitir **Akurgilshvammur** (20). Þar tjölduðu vegagerðarmenn, þegar ruddur var bílfær vegur um Skriðurnar — og getur varla óhægara tjaldstæði „í byggð“.

Ofan við hvamminn – og veginn – heitir **Akurgilshnaus** (21), en fjaran neðan við **Klettbitafjara** (22) og dregur nafn af **Klettbita** (23), skeri, sem er umflotið á flóði. Utanhallt við ytri bakka Akurgilsins strandaði brezkur togari haustið 1933. Mannbjörg varð.

Utan við Akurgilshvamm verða tvö gil ónefnd, en **Háaleiti** (24) heitir, þar sem hæst ber, svo sér út að **Dalatanga** (25). Drjúgum spöl utar er yzta gilið í Skriðunum og heitir **Moldargil** (26), og er ytri bakki þess augljós skýring á nafninu.

Nú opnast **Daladalur** (27), kenndur við aðaljörðina Dali. Bærinn stóð nærri sjó, utan við sjálfan dalinn, sem er gróinn og sléttur neðra fram á allháa sjávarbakkana. En við förum í fyrstu aðeins út að Dalaá, sem fyrir segir, og byrjum við sjóinn.

Þar sem Skriðurnar enda við Moldargil, kemur **Fjúksnes** (28). Þarna eru veðramót og stormasamt. „Mjög gott nafn,“ segir Vilhjálmur Helgason innan sviga. Er nesið grænt og slétt yfir að líta. Hæðarhryggur upp frá nesinu heitir **Leiti** (29). Nú taka við **Minni-Dalabakkar** (30), oft nefndir **Bakkar** (31), út að á. Skammt innan við ána heitir **Lambavogur** (32) eða **Lambabás** (33). Þar setti Stefán Eiríksson, síðasti bóndi á Minni-Dölum, bát sinn. En annars er öll fjaran framan við Daladalinn stórgrýtt og óvarin fyrir hafátt og lending fyrir árabáta afleit, eða öllu heldur alls engin.

Minni-Dalatún (34) byrjar kippkorn fyrir utan Fjúksnesið, en fyrir utan það út að ánni heita **Minni-Dalamýrar** (35) og ná frá Bökkum upp undir veg. Þær hafa nú verið ræstar fram og að hluta græddar í tún.

Bærinn Minni-Dalir stóð innan og ofan til í túninu, og sjást vel bæjarrústirnar. Listavel hlaðnir fjárhúsveggir og fleiri hleðslur bera gott vitni hleðslumönnum, eins og Guðmundi Magnússyni, föður Jóhanns, sem var þar bóndi 1922-34.

Ofan við sýsluvegin heita **Höll** (36), grösug enni, votlend, og ofan við þau slægjuland, einnig deigt, sem kallað var **Minni-Daladalur** (37) (slægjurnar). Við rætur Akurfellsins ofan við þessar mýrar heitir **Hansastekkur** (38). Þar fyrir innan eru **Bollalautir** (39) og samsíða þeim með ánni **Langimelur** (40).

Nú er komið alllangt inn á dal. Innan við Bollalautir heita **Hesthamarshjallar** (41) og ná inn að **Fossbrekku** (42) fyrir botni Daladals. Í hlíðinni upp af hjöllunum er **Hesthamar** (43), mjög áberandi og einkennilegur klettur, líkur því að sjái á afturenda á hesti út úr fjallinu, séð frá vissu sjónarhorni. Upp frá hamri þessum heita **Geldingaskörð** (44) (sjást einnig úr Steinsnesdal), með Akurfell til vinstri og til hægri **Kistufell** (45) og nær að **Dalaskarði** (46), gönguleið til Seyðisfjarðar. Blasir þetta allt við neðan af vegi. Kistufell mun draga nafn af lögun sinni.

Nú höldum við niður með Dalaá og byrjum aftur við sjó og ljúkum næst við Daladalinn og umgjörð hans að utan. En þar rís **Flatafjall** (47), sem ásamt með Akurfelli og Tóarfjalli í Steinsneslandi ber samheitið **Dalafjöll** (48). Í dönskum sjókortum voru þessi þrjú fjöll nefnd **Húsgaflar** (49) eftir útliti þeirra frá hafi séð. En hitt nafnið er eldra, og ber að nota það. Vandséð er, af hverju Flatafjall dregur nafn sitt.

Inn við Dalaá heitir **Árfjara** (50), og **Bakkar** (51) brúin út frá ánni, framhald af Minni-Dalabökkum handan hennar. Utanhallt við Árfjöru skammt frá landi er lítið sker, sem heitir **Stampur** (52). Var það mun hærra fram til 1918, að brotnaði ofan af því, þegar hafísinn rak út. Nú „tippir aðeins á því í sjólokunum,“ segir Vilhjálmur.

Fram úr Flatafjalli næst Daladal verður **Dalaháls** (53), mikil bunga og allvel gróin, snarbrött sjávar megin, og heitir þar **Hálsendi** (54). Að nokkru er **Hálsinn** (55) skilinn frá fjallinu af sveif eða hvilft, sem nefnist **Lækjardalur** (56). Ofan hans, innan við Hálsinn, fellur **Hálslækur** (57), vatnslítill og prúður. Út og niður frá Hálsendanum er feiknahár skriðubakki upp frá flæðarmáli og heitir **Hágarður** (58), og undir honum **Hágarðsfjara** (59). **Hálskverk** (60) er undir Hálsenda og innan við Hágarð, þá **Hálsbalar** (61) og **Neðrimýrar** (62) inn að Dalaá, og skilur Háslækur þar á milli. Kindur áttu sér naumar götur um snarbrattan Hágarðinn úr Hálskverk í fjöru — og til baka.

Fyrir ofan sýsluveg heita **Efrimýrar** (63) inn með Dalaá undir hlíðum Flatafjalls. Þær hafa nú verið ræstar fram og ræktaðar. Ofan við þessar mýrar næst Lækjardalnum heitir **Tittlingasteinsurð** (64), þá **Miðurð** (65) og **Stóruurð** (66) innan við þær. Meðfram ánni innanhallt við Efrimýrar eru þrjár hvammar og heita **Neðsti-** (67), **Mið-** (68) og **Innstihvammur** (69).

Innan við Stóruð heita **Gráubalar** (70) og upp af þeim **Rákar** (71), en utarlega og nokkuð hátt í Rákunum **Efri-** (72) og **Neðri-Guludý** (73). Þar fyrir ofan – eða innan – koma **Sauðabotnsfláar** (74), oft nefndir **Fláar** (75), og niður frá þeim **Efri-** (76) og **Neðri-Sauðabotn** (77). Í svipaðri hæð og Efri-Sauðabotn er síðan Fossbrekka, sem fyrir er nefnd – fyrir botni Daladals. Upp af mótum Fossbrekku og Efri-Sauðabotns er **Sauðabotnstindur** (78) og inn frá honum **Dalaskarðsfláar** (79) að Dalaskarði. Þar var eitt sinn lagður sími frá Seyðisfirði að Dalatanga. Nú er þar rafmagnslína frá 1986.

Næst verða talin örnefni frá Dalahálsi að Dalatanga, fyrst neðra. Rústir Dala, höfuðbólsins í Dalakálki, sjást enn á ytri brún Hágarðsins neðanverðri. Smátt og smátt hrynur úr brúninni og skriðubakkinn stækkar, eftir því sem sjór nagar hann lengur neðra. Er hann fyrir löngu kominn að bæjarstæðinu, og ézt úr því smám saman. Út frá rústunum er **Dalatún** (80), þurr og slétt og samfelld. Við út- og upphorn þess eru aðrar bæjartættur, en stundum var tvíþýli á jörðinni. Og þar stóð síðasta húsið í Dölum, hlaða Vilhjálms Helgasonar.

Allnokkru utan við Dali er **Borgartún** (81). Þar stóð hjáleigan **Dalaborg** (82) eða **Borg** (83). Sér glöggt til tótta undan seinni tíma fjárhúsi og hlöðu. Inn og upp af Borginni ofan vegar heita **Urðir** (84), talsvert víðáttumiklar. Þar stóð eitt sinn býli, eða öllu heldur kofi, og nefndist **Urð** (85).

Á milli Dala og Borgar eru harðvellishryggir og nefnast **Nafnar** (86). Þar stóð hjáleigan **Nafar** (87). Tvö gil ónefnd skilja á milli Nafra og Borgartúns.

Fremur auðvelt er fyrir ókunnuga að átta sig á Dölum, Nöfrum og Dalaborg, og verður nú nokkuð rakið út frá þeim örnefnum.

Inn og upp af Dalatúni, utan við Hágarð, heitir **Hágarðslág** (88), þá **Innra-Fjósholt** (89), **Fjóslág** (90), og **Ytra-Fjósholt** (91), neðan í því fyrrnefndar bæjartættur.

Eitt sinn mun hafa runnið lækur rétt utan við Dalatúnið, en hefur lengi verið þurr, að minnsta kosti á sumrin. Helga Vilhjálmsdóttir segir frá því, að þegar fólk var við heyskap á Dalatúni, hafi þau börnin verið send eftir vatni að drekka í litla, svala lind, sem átti upptök í bakkanum ofan við **Nafarsfjöru** (92) niður undan Nöfrunum.

Neðan við Dalatúnið utanvert heita **Dalahillur** (93), í daglegu tali **Hillur** (94). Við þær var lent árabátum í norðlægrri átt og varningur settur á land. Sagt er, að uppsátur fyrir áraskip (hákarlaskip) hafi verið í vogskoru innan við sjálfar Hillurnar og þau dregin þar upp á bakka. Þar á að hafa verið hróf fyrir þau, aðallega úr torfi. Sagt er og, að klöppuð hafi verið för fyrir hlunna í klappirnar. Fram undan Dalahillum heitir **Hilluvík** (95) og innan við hana

Forarsker (96). Utan við víkina eru svo **Dalasker** (97) þrjú talsins, og heitir það, sem lengst er frá landi, einnig **Dagmálasker** (98), sennilega eyktamark frá Dölum.

Nafarsfjara hefur þegar verið nefnd, en síðan kemur **Borgarfjara** (99) að **Innri-Borgarlæk** (100). **Kattavogur** (101) heitir ljót skora við sjó niður undan Borgartúni miðju, en utan við túnið rennur til sjávar **Ytri-Borgarlækur** (102) í dálitlu gili. Utan við lækinn heitir svo **Veita** (103), gróin spilda, og fram undan henni **Langasker** (104) fast upp við landið. Nú er komið að **Fosslækjargili** (105), þar sem **Foss-lækur** (106) fellur til sjávar í þröngan vog umluktan allháum hömrum, og heitir **Foss-lækjarhæð** (107) innan við lækinn. Hér voru landamerki Dala og Grundar, sem var hjá-leiga í fyrstu, en síðan lengi aðalbýlið í Kálkinum, og á þessari öld lengst af eina byggða bólið þar. Sérkennileg nafnbreyting varð, þegar Halldór Víglundsson réðst vitavörður að Dalatanga. Fyrirrennari hans, Vilhjálmur Helgason, bjó á Grund – en Halldór á Dalatanga. Hefur það ekki breytt síðan – og Grund ekki nefnd framár!

Nú hafa verið talin örnefni neðan hlíða Flatafjalls frá Dalahálsi að Fosslækjargili. Hér byrjar **Garðahjallinn** (108), hömrum bryddur og hækkar, þegar utar dregur, mjög áberandi í landslaginu. Förum við neðan hans í fyrstu.

Rétt utan við Fosslækinn liggur sýsluvegurinn skáhallt niður yfir lágt klettabelti, og heitir þar **Ellaklauf** (109) eftir Ellert Þórðarsyni frá Skógum, sem gerði akfært yfir klettinn með handverkfærum einum. Ofan við Ellaklauf heitir **Gonta** (110), og fellur **Litli-Fosslækur** (111) eftir henni. Hér liggur vegurinn skammt frá sjávarbökkum, og heita **Græfur** (112) vel gróin landræma neðan hans. Fyrst heitir **Innstagróf** (113), þá **Illakelda** (114), **Miðgróf** (115), **Miðgrófargil** (116) og **Yztagróf** (117). Neðan við Græfurnar eru víða þverhníptir sjávarhamrar. Neðan við Yztagróf heitir **Ófærubás** (118). Er illt að komast niður í hann, vegna stórgrýttrar urðar fyrir botni hans. Þarna var stundum rúið geldfé, og hélt urðin á því, þegar það hafði verið rekið niður fyrir hana.

Nú er komið að **Klaufargili** (119) og **Klaufarkletti** (120), en í honum heitir **Klauf** (121). Suðvesturhorn Klaufarklettsins nefnist **Gudduklettur** (122). Nafnið er dregið af voðaatburði upp úr miðri 18. öld. Bóndinn á Grund var grunaður um að hafa hrundið vinnukonu sinni, Guðbjörgu Bjarnadóttur, fram af kletti, svo að hún beið bana af. Má m.a. lesa um þetta í Þingbók S-Múlasýslu 1767. **Klaufarlækur** (123) fellur um samnefnt gilið, meinleysislegur, en getur borið aur. Utan- og ofanhallt við Klaufarklett heitir **Litlaholt** (124), og liggur vegurinn yfir það, niður að túnhliðinu og síðan beint af augum meðfram íbúðarhúsum að vita.

Af Litlaholti blasa við tún og byggð, tangar og vogar, svo sem nú skal reynt að lýsa. Neðan við Litlaholt og Klaufarklett stóð hjáleigan Grund í fyrstu, **Gamla-Grund** (125), eins og málvenja var, eftir að bærinn var fluttur utar. Þar er fallegur túnblettur, **Grundartún** (126) og nær fram á sjávarbakka. Utan við það skerst dálítill vogur inn í landið, og heitir þar **Grundarhöfn** (127). Innan við botn hans á hallandi stalli sést grunnur undan gömlu **Sjóhúsi** (128). Niður af því er **Freyjuklöpp** (129), og þar var fiskinum kastað á land. Annars heita **Grundarklappir** (130) innan við voginn út og niður af Grundartúni, en yzt í því á bakkanum ofan við Sjóhúsið er **Daníelsslétta** (131), ærið votlend, heitin eftir þeim, sem sléttaði, Daníel Sveinssyni á Brekku. **Flæðisker** (132) er vestan við nýnefndar klappir og **Afköst** (133) (frá Gömlu-Grund) við svolítið vik í klöppunum, þar sem kastað mun hafa verið upp fiski. Utanhallt við vogsbotninn er klapparnef, þar sem komið var fyrir gálga og spili. Þar voru vörur til vita og vitavarðar settar á land um hríð, áður en vegarsamband opnaðist. Þær voru síðan dregnar upp á bakkabrún eftir þar til gerðri rennibraut. Sér glöggt til þessara mannvirkja, þegar þetta er ritað 1987. Lítill lækur fellur í vogsbotninn. Utan við hann, neðan vegar, verður dálítill hvammur og heitir **Tunnubotn** (134). Utanhallt við voginn er **Grundarfjara** (135), upp af Grundarhöfninni. Þar er uppsátur, en örðugur var bakkinn upp af fjörunni fyrr meir. Þegar fjörunni sleppir, taka við klappir, og nefnast þær **Hali** (136) (gegn Grundarklöppunum).

Á eins konar tanga, sem verður utan við Grundarhöfnina eru sléttar flatir ræktaðar út að næsta viki, enda við smáklettabrík, sem nefnist **Fell** (137). Hlaða og fjárhús eru nú innan og ofan til á þessari túnspildu. Inn og niður af þeim heitir **Ólafstótt** (138), túnstykki, en tóttin er horfin. Þá kemur **Garðatún** (139), meginspildan, og **Garðamýri** (140) yzt, út undir Fellinu.

Hjáleigan **Garðar** (141) var utarlega á þessum grundum, nálægt því, sem nú liggur vegurinn.

Nokkru eftir að Garðar fóru í eyði, var bærinn á Grund fluttur. Var reist timburhús á hlöðnum grunni neðar á sléttunni út undir Garðamýri. Þar bjuggu vitaverðir, þar til ný hús voru byggð. Sér móta fyrir skágötu neðanvert í Fellinu, þar sem farið var út í vita til eftirlits. Rétt utan við Fell rennur lítill lækur ónefndur. Þar var lengi siglinga-pollur drengja, sem ólust upp á Grund. Þar nærri stóð **Mýrarkofinn** (142), einnig leik-staður barna. – Nú hefur verið sléttað yfir rústir Garðabæjar og grunn Grundar, sem þó má sjá móta fyrir á sléttu túninu, ef vel er að gáð.

Nú heitir **Lón** (143) og **Lónsfjara** (144), auðþekkt á malarriði, sem kemur upp úr sjó á fjöru – og myndar Lónið. Upp af fjörunni byrja svonefndir **Aurar** (145) og ná út að vita,

gróðurlitlir löngum, en hafa nú verið græddir upp og gerðir að túni. Utan við Lónið er röð skerja, fyrst **Lónssker** (146), þá **Rastarsker** (147), sem er stórt, og loks **Rastarhæll** (148) lengst úti. Á milli Lónsskers og Rastarskers er **Sundið** (149), mjótt en djúpt, svo þar má sigla mótorbáti, þótt nokkuð bræli á norðaustan, og styttr það barninginn norður fyrir Dalatangann.

Handan við Lónssker verður enn dálítið vik og inn af því **Hvalfjara** (150), allstórgrýtt. Upp af henni heitir **Hvalfjörubotn** (151), greinileg hvilft með snyrtilegum, litlum kletti eða drangi ónefndum.

Nú verður mikill og breiður klappatangi út frá **Dalatangavita** (152) á þrjá vegu, og er hér komið að Dalatanga. **Dugguvogur** (153) heitir þröng rás allöng þvert yfir klappirnar fremst á tanganum. Þar strandaði frönsk fiskiskúta í þoku og hægu veðri sumarið 1835. Mannbjörg varð, og bjargað var úr skipinu öllu lauslegu, þar á meðal tunnum, sem hlaðið var upp í fyrrnefndum Tunnubotni.

Enn skal haldið lítið eitt norður fyrir Dalatanga. Verður þá þröngur vogur með mól og hnullungum í botni, og heitir þar **Suðurlending** (154). En milli hennar og Dugguvogsins heita **Lendingabökur** (155) flúðir út frá klöppunum. Skammt er í **Norðurlendingu** (156), en einatt er talað um **Lendingar** (157) óskilgreint.

Eitt sinn var lögð olífuleiðsla frá birgðatönkum hjá vitanum í Suðurlendinguna og olíu dælt á land frá olíubáti á víkinni nokkur ár, þar til akfært varð frá hafnarstað á Brekku.

Norðan við Lendingar eru tæpar skriður sunnan við svokallað **Nes** (158), og heita þær **Hall** (159). En upp frá Nesi liggur melröð allt upp undir kletta í Flatafjalli og heitir **Röð** (160). Þar endar Garðahjallinn, og verður nú snúið inn á bóginn neðan undir hjallanum en ofan vegar.

Dalatangavitinn stendur á dálitlu klettnefi, sem ber vel yfir klappirnar fram undan. Litlu hærra og norðar, á öðrum kletti, er **Gamli vitinn** (161), sem Ottó Wathne lét byggja 1895. Neðan við hann á dálitlum stalli var **Réttin** (162), hlaðin úr grjóti.

Á Aurunum, sem áður voru nefndir, eru næst vitanum tvö loftnetsmöstur fyrir miðunarstöð og vélageymsla. Þar stóðu áður braggar brezkra varðmanna, sem dvöldu á Dalatanga um skeið á stríðsárunum. Nokkru innar eru gripahúsin og loks tvö íbúðarhús innst á Aurunum, skammt utan við Fellið.

Út og upp frá túninu ofan við húsin er dálítið klettaþrep og nefnist **Bangsahraun** (163), og litlu ofar **Fálkahraun** (164). Þar heitir og **Fálkapúfa** (165) fremst á klettnefi.

Framan í Garðahjalla, neðan við klettabeltið og í því, eru nokkur örnefni. Upp af Nesinu er **Nesklauf** (166). **Lendingabrekkur** (167) eru upp af Lendingunum og ná inn fyrir

vita. Innar, upp af Fálkahrauni, koma svo **Skágötubrekkur** (168) og **Skágötur** (169) út og upp klettana í hjallabruninni.

Næst kemur **Kelduholt** (170), einnig uppi í brekkunni, nú um stundir auðþekkt á matjurtagarði húsfreyju. Þar fyrir innan heitir **Sveif** (171), nafngjöfin augljós, og síðan **Fjósbrekkur** (172) inn að **Fjósgili** (173) allkröppu, sem stundum var líka kallað **Bæjarstæðisgil** (174), og verður upp frá Grundarhöfninni. Ofan við Garðahjallann nefnist framhald þessa gilskornings síðan **Fjósklaufargil** (175).

Inn og upp frá íbúðarhúsunum, í dálítilli hvilft undir innri enda Bangsahrauns, var **Lambastekkur** (176) frá Görðum.

Yzt í túninu, áður en Aurarnir voru ræktaðir, nefndist **Blettur** (177). En ekki er nú vitað nákvæmlega, hvar hann var.

Spölkorn innan við íbúðarhúsin ofan vegar heitir **Nýjatún** (178) og **Hryggún** (179) (auðþekkt) innar og ofar á ytri bakka Fjósgilsins. Þar stóð **Hryggús** (180) upp undir brekkurótinni, og er tótt þess þar enn.

Innan við Fjósgilið fyrir ofan veg upp af Daníelssléttu heita **Mýrar** (181) og ná inn undir brekkurætur Litlaholts. En ofan og utan við þær út undir Fjósgilinu er **Fremrihryggur** (182) og **Hesthústún** (183) og þar upp af **Hesthúsbrekkur** (184). Inn og upp af þeim heitir **Hábrún** (185) í brún Garðahjallans, sem hækkar þarna lítið eitt.

Rétt utan við Klaufarlæk heitir **Nautaklauf** (186), uppganga á Garðahjallann, og innan við lækinn **Snið** (187), heybandsleið út og niður af hjallanum.

Nú verður næst hugað að örnefnum uppi á Garðahjalla. En þar er talsvert sléttlendi, dálítið stöðuvatn eða tjörn og áður slægjulönd.

Után við Fosslækjargil allhátt upp frá veginum heitir **Fosslækjarhæð** (188), önnur með því nafni, og utan við hana **Mannkinnarbotn** (189) (sjá síðar), og nær hann út undir Klaufargil. Á milli þess og Fjósklaufargils heitir **Lambabrunnur** (190) (dý) og **Lambabrunnsmýri** (191), þá **Gráubalar** (192) og síðan **Vatnsmýri** (193) ofan við **Garðavatn** (194). Ofan Vatnsmýrar heita svo **Vatnsbrekkur** (195), ofan við þær **Innri-** (196) og **Ytri-Smökkubotn** (197) og **Skollabotn** (198) enn ofar.

Nú verður aftur vikið inn á bóginn að Dalahálsi og haldið út Flatafjall. Fremst í fjallinu, þar sem það beygir inn með Daladalnum að utan, heitir **Göngurák** (199) og ofan hennar **Dalaröð** (200). En efsti tindur á Flatafjalli heitir **Turn** (201). Neðan við Göngurák eru **Náttmálahillur** (202).

Yzt á Hálsinum heitir **Ytri-Hálsendi** (203), en upp frá Hálsinum utanverðum **Hálskinnar** (204), og ná þær upp undir kletta í Flatafjalli, slíkt hið sama **Einbúakinn** (205) ofan við **Einbúa** (206), stakan klett, og **Kollumelur** (207), uppmjór mjög og breiður neðra.

Neðanhallt við Kollumel, upp af Veitu, sem fyrr er nefnd, heitir **Kúabotn** (208). Utar og ofar er **Neðri-Kúahjalli** (209) og upp af honum **Innsti-Kúahjalli** (210). Er þá komið að **Innra-Fosslækjargili** (211). Utan við það – í beinu framhaldi – er **Mið-Kúahjalli** (212) að **Ytra-Fosslækjargili** (213) (sbr. Litla-Fosslæk áður-nefndan) og þá **Yzti-Kúahjalli** (214). Utan við hann og ofan við fyrrnefndan Mann-kinnarbotn heitir **Mannkinn** (125), og ofan við hana er síðan **Maðurinn** (216), stakur drangur neðarlega í Flatafjalli.

Um drang þennan gerði Sveinn á Kirkjubóli í Norðfirði brag, þar sem hann segir, að kerlingin í Nípunni og karlinn í Flatafjalli séu í tilhugalífi.

Klettabeltið, sem Maðurinn er hluti af, heitir **Neðstuklettur** (217), nokkru ofar koma **Neðri-Lönguklettur** (218), og enn ofar **Efri-Lönguklettur** (219). Hafa þá verið talin örnefni hátt og lágt út að Röð og Nesi, utan- eða norðanhallt við Garðahjalla og Dalatanga.

Um Dalatangann verður sem næst vinkilrétt horn á ströndinni, sem nú hallar til norðvesturs í átt að Skálanesi við Seyðisfjörð. Samkvæmt málvenju í Dalakálki – og réttum rökum – verður nú haldið norður og fyrst talin örnefni með sjónum.

Norðan við áðurnefnt Nes heitir **Aragil** (220) (sjá Þjóðsögur Þorsteins Erlingssonar) og **Spónavík** (221) fjaran niður undan gilinu. Þá kemur **Aragilsjaðar** (222), þá **Breiðagil** (223) og **Breiðijaðar** (224) og síðan **Selhellugil** (225) og **Selhellujaðar** (226) upp af **Selhellu** (227). Litlu norðar er sker skammt undan landi og heitir **Hallandi** (228) og **Hallandagil** (229) upp af því. Er skerið framhald af hallfleyttum kambi norðan við gilið. Ofan við gilið heitir svo **Víðirbotn** (230), þá **Flugahjalli** (231) og **Efri-Víðirbotn** (232) fyrir ofan hann.

Norðanhallt við Hallanda heita **Töðuvellir** (233), grasgefið svæði uppi á lágum sjávarbökkum. Upp af þeim nyrzt eru þrjú klettnef allhá, skilin hvert frá öðru af giljum og kallast einu nafni **Nef** (234). Fyrir ofan þau heitir **Grenisbotn** (235) og sunnan við hann **Víðirhjalli** (236). Þar fyrir ofan heitir svo **Ófærafjall** (237) og niður frá því syðst **Víðirbotnsröð** (238). Ófærafjall er syðst í fjallasveignum að baki Dalafréttarinnar.

Við hverfum nú niður að sjó, þar sem heitir **Vogasandur** (239). Síðan kemur **Vogahnúða** (240), allumfangsmikill klettur á jaðri upp af æðihárri klöpp norðan við Vogasandinn. Þessu næst heita **Vogar** (241), ekki stórir, **Kirkjusandur** (242) (Kirkjusandur var rekaítak frá Fjarðarkirkju) og loks **Arnarbrík** (243). Norðan við Arnarbrík eru tveir grasjaðrar og klettavogur í milli. Þá kemur allþykkt framhrun, gróið með stórum steinum og

heitir **Mávatorfa** (244). Er þá komið nærri landamerkjum Dala og Skálaness, sem jafnframt eru hreppa- og sýslumörk, og heitir þar „**Ormur í Blábjargi**“ (245), samkvæmt gömlum heimildum. Nafnið dregið af ljósum berggangi. Upp af Vogunum er **Vogatorfa** (246), síðan verður hátt klettabelti og í því klauf, sem heitir **Uppganga** (247). Þar förum við upp, þótt allhrikalegt sé, og erum þá komin í **Dalaafrétt** (248) eða **Afrétt** (249), eins og þetta svæði er nefnt í daglegu tali.

Hér verður allmikil skál eða sveigur inn í fjallið og ágætir sauðfjárhagar. Fjarðarkirkja átti fyrrum ítök á þessum slóðum, reka á Kirkjusandi og sumarbeit fyrir veturgamalt naut í Afréttinni. Hefur verið ærið fyrirhafnarsamt að nýta þessi ítök, ekki sízt beitina.

Allmörg örnefni eru í Afrétt. Þar heitir **Neðriafrétt** (250) og **Efriafrétt** (251). Niður Afréttina falla þrjár allstórir lækir, sem heita **Afréttará** (252). Nyrzt í Efriafrétt heitir **Gráhnaus** (253), þar fyrir ofan **Gráhnausarbrekkur** (254). Þá kemur klettabelti, en þar fyrir ofan **Ytri-Skarðsbotn** (255) og **Ytra-Afréttarskarð** (256).

Við höldum nú til baka suður á bóginn. Sunnan við Gráhnaus tekur við **Flái** (257) og þar fyrir ofan **Rjúpnafell** (258). Fláinn nær að **Mið-Afréttará** (259). Handan hennar heitir **Sveif** (260) og sunnar og ofar **Jökulhjallar** (261). Upp af þeim er **Innri-Skarðsbotn** (262) og **Innra-Afréttarskarð** (263). Sunnan við Jökulhjalla heitir **Neðri-Jökulbotn** (264) og þar fyrir ofan **Efri-Jökulbotn** (265). Niður undan Jökulbotnum heitir **Afréttarháls** (266). Þar er sjáanlegt garðbrot eða leifar af garði, sem hlaðinn var til að varna því, að naut gengju í heimalönd, þegar þau áttu að vera í Afréttinni.

Héðan liggur leiðin um allglöggar fjárgötur yfir Víðirhjalla neðan Ófærafjalls inn á Garðahjalla, og er lokið upptalningu örnefna í Dalakálki.

Vilhjálmur Hjálmarsson skráði.

Stafrófsskrá örnefna

Afköst 133	Daníelsslétta 131
Afrétt 249 = 248	Dugguvogur 153
Afréttará, Mið- 259	Efriafrétt 251
Afréttarár 252	Efri-Guludý 72
Afréttarháls 266	Efri-Jökulbotn 265
Afréttarskarð, Innra- 263	Efri-Lönguklettur 219
Afréttarskarð, Ytra- 256	Efrimýrar 63
Akurfell 6	Efri-Sauðabotn 76
Akurgil 16	Efri-Víðirbotn 232
Akurgilsbás 18	Einbúakinn 205
Akurgilsfjara 17	Einbúi 206
Akurgilshnaus 21	Ellaklauf 109
Akurgilshvammur 20	Fálkahraun 164
Akurgilslækur 19	Fálkaþúfa 165
Aragil 220	Fell 137
Aragilsjaðar 222	Fiskiklöpp 11
Árfjara 50	Fjósbrekkur 172
Arnarbrík 243	FjósGil 173 = 174
Aurar 145	Fjósholt, Innra- 89
Bakkar 31 = 30	Fjósholt, Ytra- 91
Bakkar 51	Fjósklaufargil 175
Bangsahraun 163	Fjóslág 90
Blettur 177	Fjúksnes 28
Bollalautir 39	Fláar 75 = 74
Borg 83 = 82	Flái 257
Borgarfjara 99	Flatafjall 47
Borgarlækur, Innri- 100	Flugahjalli 231
Borgarlækur, Ytri- 102	Flæðisker 132
Borgartún 81	Forarsker 96
Breiðagil 223	Fossbrekka 42
Breiðijaðar 224	Fosslækjargil 105
Bæjarstæðisgil 174 = 173	Fosslækjargil, Innra- 211
Dagmálasker 98	Fosslækjargil, Ytra- 213
Dalaá 1	Fosslækjarhæð 107
Dalafrétt 248	Fosslækjarhæð 188
Dalaborg 82 = 83	Fosslækur 106
Daladalur 27	Fosslækur, Litli- 111
Dalafjöll 48 = 49	Fremrihryggur 182
Dalaháls 53 = 55	Fremstagil 7 = 8
Dalahillur 93 = 94	Freyjuklöpp 129
Dalaröð 200	Gamla-Grund 125
Dalaskarð 46	Gamli vitinn 161
Dalaskarðsfláar 79	Garðahjalli 108
Dalasker 97	Garðamýri 140
Dalaskriður 4 = 5	Garðar 141
Dalatangaviti 152	Garðatún 139
Dalatangi 25	Garðavatn 194
Dalatún 80	Geldingaskörð 44
	Gonta 110

Gráhnauus 253	Innra-Fosslækjargil 211
Gráhnauusarbrekkur 254	Innra-Krókagil 12
Gráubalar 70	Innri-Borgarlækur 100
Gráubalar 192	Innri-Skarðsbotn 262
Grenisbotn 235	Innri-Smökkubotn 196
Grund, Gamla- 125	Innstagil 8 = 7
Grundarfjara 135	Innstagilsbás 9
Grundarhöfn 127	Innstagróf 113
Grundarklappir 130	Innstihvammur 69
Grundartún 126	Innsti-Kúahjalli 210
Græfur 112	Jökulbotn, Efri- 265
Gudduklettur 122	Jökulbotn, Neðri- 264
Guludý, Efri- 72	Jökulhjallar 261
Guludý, Neðri- 73	Kaplavellir 10
Göngurák 199	Kattavogur 101
Háaleiti 24	Kelduholt 170
Hábrún 185	Kirkjusandur 242
Hágarðsfjara 59	Kistufell 45
Hágarðslág 88	Klauf 121
Hágarður 58	Klaufargil 119
Hali 136	Klaufarklettur 120
Hall 159	Klaufarlækur 123
Hallandagil 229	Klettbitafjara 22
Hallandi 228	Klettbiti 23
Hallbjarnarjaðar 2 = 3	Kollumelur 207
Hallbjarnarmell 3 = 2	Krókagil, Innra- 12
Háls 55 = 53	Krókagil, Ytra- 13
Hálsbalar 61	Krókagilsjaðar 14
Hálsendi 54	Kúabotn 208
Hálsendi, Ytri- 203	Kúahjalli, Innsti- 210
Hálskinnar 204	Kúahjalli, Mið- 212
Hálskverk 60	Kúahjalli, Neðri- 209
Hálslækur 57	Kúahjalli, Yzti- 214
Hansastekkur 38	Lambabás 33 = 32
Hesthamar 43	Lambabrunsmýri 191
Hesthamarshjallar 41	Lambabrunnur 190
Hesthúsbrekkur 184	Lambastekkur 176
Hesthústún 183	Lambavogur 32 = 33
Hillur 94 = 93	Langasker 104
Hilluvík 95	Langimelur 40
Hrygghús 180	Leiti 29
Hryggútún 179	Lendingabökur 155
Húsgaflar 49 = 48	Lendingabrekkur 167
Hvalfjara 150	Lendingar 157
Hvalfjörubotn 151	Litlaholt 124
Hvolf 15	Litli-Fosslækur 111
Höll 36	Lón 143
Illakelda 114	Lónsfjara 144
Innra-Afréttarskarð 263	Lónssker 146
Innra-Fjósholt 89	Lækjardalur 56

Lönguklettur, Efri- 219	Sauðabotnsfláar 74 = 75
Lönguklettur, Neðri- 218	Sauðabotnstindur 78
Maður 216	Selhella 227
Mannkinn 215	Selhellugil 225
Mannkinnarbotn 189	Selhellujaðar 226
Mávatorfa 244	Sjóhús 128
Mið-Afréttará 259	Skágötubrekkur 168
Miðgróf 115	Skágötur 169
Miðgrófgil 116	Skarðsbotn, Innri- 262
Miðhvammur 68	Skarðsbotn, Ytri- 255
Mið-Kúahjalli 212	Skollabotn 198
Miðurð 65	Skriður 5 = 4
Minni-Dalabakkar 30 =31	Smokkubotn, Innri- 196
Minni-Daladalur 37	Smokkubotn, Ytri- 197
Minni-Dalamýrar 35	Snið 187
Minni-Dalatún 34	Spónavík 221
Moldargil 26	Stampur 52
Mýrar 181	Stóruð 66
Mýrarkofi 142	Suðurlending 154
Nafar 87	Sund 149
Nafarsfjara 92	Sveif 171
Nafrar 86	Sveif 260
Náttmálahillur 202	Tittlingasteinsurð 64
Nautaklauf 186	Tunnubotn 134
Neðriafrétt 250	Turn 201
Neðri-Guludý 73	Töðuvellir 233
Neðri-Jökulbotn 264	Uppganga 247
Neðri-Kúahjalli 209	Urð 85
Neðri-Lönguklettur 218	Urðir 84
Neðrimýrar 62	Vatnsbrekkur 195
Neðri-Sauðabotn 77	Vatnsmýri 193
Neðstihvammur 67	Veita 103
Neðstuklettur 217	Víðirbotn 230
Nef 234	Víðirbotn, Efri- 232
Nes 158	Víðirbotnsröð 238
Nesklauf 166	Víðirhjalli 236
Norðurlending 156	Vogahnúða 240
Nýjatún 178	Vogar 241
Ófærafjall 237	Vogasandur 239
Ófærubás 118	Vogatorfa 246
Ólafstótt 138	Ytra-Afréttarskarð 256
Ormur í Blábjargi 245	Ytra-Fjósholt 91
Rákar 71	Ytra-Fosslækjargil 213
Rastarhæll 148	Ytra-Krókagil 13
Rastarsker 147	Ytri-Borgarlækur 102
Rétt 162	Ytri-Hálsendi 203
Rjúpnafell 258	Ytri-Skarðsbotn 255
Röð 160	Ytri-Smokkubotn 197
Sauðabotn, Efri- 76	Yztagróf 117
Sauðabotn, Neðri- 77	Yzti-Kúahjalli 214